



Alþingi
Erindi nr. P 139/1827
komudagur 28. 3. 2011

Íslensk málnefnd

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Neshaga 16, ÍS-107 Reykjavík

Menntamálanefnd Alþingis
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls, 533. mál

Íslensk málnefnd fagnar því að staða íslenskrar tungu og táknmáls í íslensku samfélagi skuli styrkt með lagasetningu. Íslensk málnefnd hefur áður bent á þörfina á því, einkum í tillögum að íslenskri málstefnu í *Íslensku til alls* sem Alþingi samþykkti sem þingsályktun 12. mars 2009 (sjá aðallega kafla þar um lagalega stöðu íslenskrar tungu, bls. 25–29).

Íslensk málnefnd vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

(1) Í 2. gr er kveðið á um að íslensk stjórnvöld skuli tryggja að unnt verði að nota íslenska tungu á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og í 10. gr. er sú skylda lögð á herðar stjórnvöldum að sjá til þess að íslenskur fræðiorðaforði á ólíkum sviðum eflist jafnt og þétt og sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast. Íslensk málnefnd fagnar þessum ákvæðum og telur brýnt að þau verði að lögum. Ástæða er þó til að vekja athygli á að tryggja þarf að þessi ákvæði verði ekki dauður lagabókastafur heldur verði þeim framfylgt. Í frumvarpinu er ekki gerð skýr grein fyrir hvernig það væri best gert og ekki fylgir heldur sérstök fjárveiting.

Sum þeirra verkefna er lúta að stöðu og notkun íslenskrar tungu eru gríðarlega kostnaðarsöm. Sérstaklega má þar nefna stöðu íslenskrar tungu í margs konar máltækni, svo sem í hjálparforritum í textavinnslu á borð við stafsetningarleiðréttingu og málfarsleiðbeiningar, í samskiptakerfum ýmiss konar þar sem talað mál eða ritað er notað í samskiptum við tölvur, í vélrænum þýðingum og margmálaleit á Netinu og í gagnabönkum. Margt í þessari tækni þykir orðið sjálfsagt fyrir ensku, spænsku, þýsku og fleiri mál og tryggja þarf að sams konar tækniþróun eigi sér stað fyrir íslensku. Til þess þarf öflug íslensk málgagnasöfn og rannsóknir í íslenskri máltækni. Fjármuni þarf til að tryggja að íslenska heltist ekki úr lestinni í þeirri öru þróun sem nú á sér stað í tölvu- og upplýsingatækni. Þá má einnig nefna iðorðastarf sem kveðið er á um í 10. gr. Þar er um of brýnt verkefni að ræða til að hægt sé að fara fram á að það verði unnið í sjálfböðavinnu.

Ef til vill mætti bæta úr þessu með því að stofna sérstaka sjóði til verkefna í máltækni og iðorðasmíð eða með því að stórefla Málræktarsjóð.



(2) Í 2. gr. er kveðið á um að allir sem eru búsettir hér á landi skuli eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi. Í 3. gr. er sambærilegt ákvæði um íslenskt táknmál. Í 4. gr. er lýst málstefnu og skyldum ríkis og sveitarfélaga við íslensku og íslenskt táknmál en þar er aftur á móti ekki notað sama orðalag um málin tvö. Kveðið er á um að íslensku skuli (a) varðveita og (b) efla, en stuðla skal að (a) þróun, (b) rannsóknnum, (c) kennslu og (d) útbreiðslu íslensks táknmáls.

Varðveisla og efling íslenskrar tungu hafa lengi verið hornsteinar íslenskrar málstefnu og verða það vonandi áfram, en full ástæða er engu að síður til að kveða skýrar að orði um skyldur ríkis og sveitarfélaga gagnvart íslensku og nefna einnig þar einnig *rannsóknir, kennslu og útbreiðslu*.

Með því að geta rannsókna sérstaklega er hnykkt á þeirri skyldu stjórnvalda að halda úti rannsóknnum á íslenskri tungu á háskólastigi og hjá rannsóknastofnunum á borð við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en rannsóknir á íslenskri tungu eru nauðsynlegur þáttur í eflingu tungunnar til framtíðar, til að mynda í tölvu- og upplýsingatækni, eins og vikið var að hér að framan.

Með því að geta kennslu og útbreiðslu sérstaklega er frekari áhersla lögð á þá skyldu stjórnvalda (sem nefnd er í 2. gr.) að gangast fyrir kennslu í íslensku og þá er ekki aðeins átt við kennslu handa þeim sem hafa íslensku sem fyrsta mál heldur jafnframt fyrir þá sem hafa íslensku sem annað mál.

Fyrsta málsgrein 4. gr. gæti því hljóðað svo:

Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Þá skulu þau stuðla að rannsóknnum, kennslu og útbreiðslu íslenskrar tungu.

(3) Í 5. gr. er gert ráð fyrir því að málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilnefni einn mann í nefndina fyrir hönd orðanefnda. Frá því að þetta frumvarp var lagt fram hafa orðanefndir stofnað með sér félag, Íðorðafélagið. Í stjórn félagsins eru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður orðanefndar læknafélaganna, Ágústa Þorbergsdóttir á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Gunnhildur Stefánsdóttir, forstöðumaður Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Í ljósi þess væri eðlilegt að Íðorðafélagið tæki við áður nefndu tilnefningarhlutverki af málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

(4) Í 5. gr. er fjallað um skipan Íslenskrar málnefndar en þar er lögð áhersla á að tilnefndir séu fulltrúar þeirra sviða samfélagsins er mest fást við tungumálið í daglegum störfum sínum. Sá hópur má ef til vill teljast nokkuð einsleitur og spyrja mætti hvort ekki væri eðlilegt að í nefndinni ættu jafnframt sæti fulltrúar sviða þar sem ekki er unnið með jafnbeinum hætti með tungumálið. Úr þessu má þó að einhverju leyti bæta með þeirri heimild sem Íslensk málnefnd hefur til að bjóða einum eða tveimur mönnum setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns.



(5) Í 5. gr. er lýst verkefnum þeim sem Íslenskri málnefnd eru falin. Meginverkefni eru þessi:

- (i) að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli,
- (ii) að gera tillögur til ráðherra um íslenska málstefnu,
- (iii) að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu og
- (iv) að semja íslenskar ritreglur.

Sum þessara verkefna eru æði tímafrek. Sérstaklega má þar nefna gerð tillagna um íslenska málstefnu. *Íslenska til alls*, íslensk málstefna sem Alþingi samþykkti sem þingsályktun 12. mars 2009, er afrakstur mikillar vinnu bæði vinnuhópa utan nefndar og nefndarmanna sjálfra. Samning eða endurskoðun íslenskra ritreglna er líka tímafrek sérfræðivinna. Svo umfangsmikil verkefni verða ekki unnin án þess að til komi sérstök fjárveiting.

Ekki verður þó séð af þessu frumvarpi að gert sé ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til starfa nefndarinnar. Af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið (í fylgiskjali með frumvarpinu) má ráða að þóknarir til nefndarinnar verði greiddar af fjárheimildum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og jafnframt að sá kostnaðarauki sem hlýst af fjölgun nefndarmanna rúmist innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar.

Lagaákvæði um Íslenska málnefnd eru nú í lögum nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar en með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að þessi ákvæði flytjist í lög um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls. Í greinargerð með frumvarpinu segir um 5. gr. að eðlilegt þyki að ákvæði um Íslenska málnefnd séu í lögum um íslenska tungu „og að hún starfi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum þeirra“. Í ljósi þessa væri eðlilegt að starfsemi Íslenskrar málnefndar samkvæmt væntanlegum lögum fylgdi sjálfstæð fjárveiting sem ekki væri tekin af fjárveitingu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

(6) Í 6. gr. er fjallað um stofnun sérstakrar málnefndar um íslenskt táknmál. Íslensk málnefnd fagnar þessari ráðstöfun. Brýnt er að sett sé á fót öflug málnefnd er stuðlar að eflingu íslensks táknmáls og notkun þess í íslensku samfélagi. Eðlilegt er að þetta sé sérstök nefnd, en ekki hluti af Íslenskri málnefnd, enda er íslenska táknmálið sjálfstætt mál.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Haraldur Bernharðsson
varaformaður